


SUND / EVRÓPUMEISTARAMÓTIÐ Í AÐENU



Ragnheiður Runólfsdóttir tvíbætti eigið Íslandsmet í 200 m bringusundi á Evrópumeistaramótinu í Aþenu í gær, og varð í sjöunda sæti í greininni. Það er annar besti árangur Íslendinga í sundi fyrr og síðar.

Ragnheiður tvíbætti Íslandsmetið í 200 m bringusundi

Hafnaði í 7. sæti, sem er næst besti árangur sem Íslendingur hefur náð á EM

RAGNHEIÐUR Runólfsdóttir stóð sig vel í 200 metra bringusundi á Evrópumeistaramótinu í Aþenu í gær. Hún tvíbætti Íslandsmetið og hafnaði í 7. sæti, sem er næst besti árangur sem Íslendingur hefur náð á EM. Það er aðeins Eðvarð Þór Eðvarðsson sem hefur gert betur er hann hafnaði í 4. sæti í baksundi á EM 1987. Bræðurnir, Arnar Freyr og Magnús Már Ólafssynir, settu einnig Íslandsmet í gær, Arnar Freyr í 400 m fjórsundi og Magnús Már í 100 m flugsundi.

Ragnheiður Runólfsdóttir tryggði sér rétt til að keppa í úrslitasundinu með því að ná átunda besta tímanum í undanrásunum á glæsilegu Íslandsmeti 2:34,78 mín. Gamla metið sem hún átti sjálf var 2:35,98 mín. Í úrslitasundinu gerði hún enn betur og kom í mark

á 2:34,08 mín. og varð sjöunda. Þessir tímar eru undir ólympíulágmarkinu og er hún eini íslenski sundmaðurinn sem náð hefur lágmarkum. Magnús Már var aðeins 0,20 sek. frá ól-lágmarkinu í 200 m skriðsundinu á þriðjudag.

„Mjög ánægð“

„Ég er mjög ánægð með sundið og það var gott að bæta sig aftur í úrslitunum. Ég var búin að hvíla fyrir þetta mót í tíu daga og stefndi á að bæta mig og það gekk upp,“ sagði Ragnheiður eftir sundið. Hún var eina stúlkan frá Norðurlöndum sem náði inni A-úrslit og undirstrikar það enn frekar árangur hennar. „Nú er næsta verkefni að bæta sig í 100 metra bringusundinu líka, en sú keppni fer fram á föstudag.“ Hún sagði að allur aðbúnaður keppenda væri góður nema að maturinn mætti vera betri.

Bræðurnir settu Íslandsmet

Arnar Freyr Ólafsson setti Íslandsmet í 400 m fjórsundi er hann synti á 4:39,43 mín. Hann bætti met Arnþórs Ragnarssonar, sem var 4:48,31 mín. – sett á meistaramóti Íslands í júlí. Arnar Freyr var í 17. sæti af 20 keppendum í undanrásunum. Hann bætti fyrri árangur sinn um 10 sekúndur.

Arnþór Ragnarsson varð í átjándra sæti í sama sundi á 4:48,05 mín. sem var einnig undir gamla Íslandsmetinu.

Magnús Ólafsson setti Íslandsmet í 100 m flugsundi á 57,78 sek., en gamla metið var 59,90 sek. og átti hann það sjálfur. Hann varð 27. af 30 keppendum, en þetta er aukagrein hjá Magnúsi.

Helga Sigurðardóttir varð 29. af 32 keppendum í 200 m skriðsundi, synti á 2:09,77 mín.

KÖRFUKNATTLEIKUR / BANDARÍKIN

Allir þeir bestu með á ÓL í Barcelona?

MICHAEL Jordan, körfuknattleikskappi frá Chicago Bulls, og Larry Bird, Boston Celtics, hafa báðir lýst yfir áhuga sínum á að leika með bandaríska landsliðinu á Ólympíuleikunum í Barcelona næsta sumar, skv. frétt í bandarísku blaði í gær.

Karl Malone og John Stockton frá Utah, David Robinson, San Antonio, Charles Barkley, Phila-

delphiu, Chris Mullin, Golden State og Scottie Pippen, Chicago, hafa einnig sagt að þeir væru tilbúnir til að leika með ólympíuliðinu. Áður höfðu Earwin „Magic“ Johnson hjá Los Angeles Lakers og Patrick Ewing hjá New York Knicks sagst tilbúnir að leika með liðinu.

Það verður síðan ákveðið 21. september hvaða leikmenn komi til með að skipa bandaríska liðið í Barcelona.

KNATTSPYRNA / ÞÝSKALAND

Stuttgart sigraði Hansa Rostock

Stuttgart sigraði Hansa Rostock, 3:0, í 4. umferð Bundesligunnar í knattspyrnu á Neckar-leikvanginum í gærkvöldi. Þetta var fyrsta tap Hansa Rostock í deildinni. Sammer skoraði fyrsta mark Stuttgart í lok fyrri hálfleiks og síðan bættu Walter og Gaudino tveimur mörkum við í síðari hálfleik. Stuttgart hafði mikla yfirburði

og sigurinn sanngjarn. Eyjólfur Sverrisson lék ekki með Stuttgart.

Hans Rostock heldur enn efsta sætinu á markahlutfalli þrátt fyrir tapið, hefur 6 stig eins og reyndar Hamburger, Frankfurt, Kaiserslautern og Leverkusen. Stuttgart fylgir fast á eftir með 5 stig ásamt Bayern München og Dortmund.

ÚRSLIT

Knattspyrna

1. DEILD KVENNA

Týr - Þór2:6
Stefanía Guðjónsdóttir, Sara Ólafsdóttir - Ellen Óskarsdóttir 2, Inga Huld Pálsdóttir, Þórunn Sigurðardóttir, Lára Eymundsdóttir, Íris Thorleifsdóttir.

VINÁTTULANDSLEIKIR

Gdansk, Póllandi: Pólland - Svíþjóð2:0
Wojciech Kowalezyk (59.), Mirosław Trzeciak (90.). Áhorfendur: 7.000
Prag, Tékkóslóvakía: Sviss1:1
Milan Luhovy (18.) - Kubilay Turkyilmaz (25.). Áhorfendur: 4.000.

ENGLAND

1. deild í gærkvöldi:
Aston Villa - Manchester Utd.0:1
- Steve Bruce (vsp. 39.)
Manchester City - Liverpool2:1
David White 2 (24., 64.) - Steve McManaman (75.)
Coventry - Luton5:0
Kevin Callagher 2, David Smith, Paul Long, Robert Rosario.
Oldham - Chelsea3:0
Ian Marshall, Rick Holden, David Currie.
QPR - Norwich0:2
- Dale Gordon, Rob Newman.

ÞÝSKALAND

Úrvalsdeildin, 4. umferð:
Mönchengladbach - Werder Bremen0:2
Dortmund - Düsseldorf3:1
Bayern München - Schalke3:2
Nürnberg - Dynamo Dresden1:1
Wattenscheid - Karlsruhe1:1
Leverkusen - Duisburg2:1
Ulif Kirsten gerði bæði mörk Leverkusen.
Kaiserslautern - Stuttgart Kickers4:3
Hamburger - Köln1:1
Frankfurt - Bochum2:1
Stuttgart - Hansa Rostock3:0

EVROPUKEPPNI FÉLAGSLIÐA

Forkeppni Evrópumótisins, fyrri leikir.
Vín, Austurríki:
SV Stockerau - Tottenham0:1
Gordon Durie (39.). Áhorfendur: 15.000
Galway, Írlandi:
Galway - OB (Danmörku)0:3
- Morten Donnerup (38.), Steen Nedergård (46.), Lars Elstrup (68.)
Áhorfendur: 7.000

HOLLAND

Deildarkeppnin:
Ajax - FC Volendam3:0
FC Den Haag - Vitesse Arnhem0:3
FC Twente - MVV Maastricht1:0
Willem II - VVV Venlo4:0
Roda JC - SVV/Dordrecht2:0
De Graafschap - FC Groningen0:0

Belgía

1. deildin:
Waregem - Molenbeek1:0
Aalst - Kortrijk0:1
Gen - Anderlecht0:0
Lierse - Antwerpen0:1
Club Brugge - Ghent5:1
FC Liege - Standard Liege0:0
Lokeren - Cercle Brugge2:2
Ekeren - Mechelen0:1
Beveren - Charleroi0:0

SKÍÐI

Landsliðið til borgarinnar í dag

Skíðalandsliðsmennirnir sem eru að hjóla umhverfis landið eru langt á undan áætlun og verða væntanlega komnir að Borgar-kringlunni kl. 10.00 í dag. Upphaflega var gert ráð fyrir því að það tæki strákana 7 sólarhringa að hjóla þessa 3.000 km. Í gærkvöldi voru skíðakapparnir staddir í Stykkishólmi og hafði meðalhraðinn þá verið 25 km á klukkustund. Þeir eru því tveimur sólarhringum á undan áætlun.

KNATTSPYRNA / ENGLAND

Man. City sigraði Liverpool

Manchester City sigraði Liverpool á heimavelli í ensku 1. deildinni í gærkvöldi. David White var hetja liðsins, gerði bæði mörkin. Hinn ungi Steve McManaman minnkaði muninn fyrir Rauða herinn og síðan fékk Dean Saunders gullið tækifæri til að jafna, er Liverpool fékk vítaspyrnu sjö mín. síðar en hann þrumaði í þverslá.

City hefur þar með sigrað í tveimur fyrstu leikjum sínum og er efst ásamt nágrönnum sínum

í Man. United, sem unnu Aston Villa í gærkvöldi, 1:0. Steve Bruce gerði eina mark leiksins á Villa Park úr vítaspyrnu á 39. mín. sem dæmd var eftir að Steve Staunton fellði Bryan Robson.

Oldham, sem leikur í 1. deild á ný eftir 68 ára fjarveru, burstaði Chelsea, 3:0, á heimavelli og Luton, sem veðmangarar telja líklegasta liðið til að falla í 2. deild, fékk háðuglega í Coventry, þar sem heimaliðið vann 5:0. Sean

Farrell, leikmaður Luton, var rekinn af velli á 18. mín. og staðan var þá orðin 1:0.

Tottenham sigraði austurríska liðið SV Stockerau 1:0 í Austurríki í gærkvöldi, í fyrri leik liðanna í Evrópukeppni bikarhafa. Norðmaðurinn Erik Thorstvedt var hetja enska liðsins; varði vítaspyrnu í síðari hálfleik. Gordon Durie gerði eina mark leiksins. Guðni Bergsson lék ekki með Tottenham.